

Mánudaginn 12. desember 1988.

Nr. 257/1987. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Kristni Snæfeld Haukdal Styrmissyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Bífhjól. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 22. apríl 1988 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingar.

Af hálfu ákærvalds er krafist „staðfestingar hins áfrýjaða dóms að því er varðar ákæru, dagsetta 5. nóvember 1987, á sakfellingu ákærða, sviptingu réttar til þess að öðlast ökuleyfi og á greiðslu sakarkostnaðar í héraði, en refsing ákærða verði, að teknu tilliti til skilorðsrofa á reynslulausn frá 2. apríl 1986 á óafplánuðum eftirstöðvum refsinga, samtals 227 dögum, þyngd og ákærði verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs“.

Af hálfu ákærða er þess krafist, að hann verði dæmdur í vægustu refsingu, sem lög frekast leyfa. Þá er krafist málsvarnarlauna.

Nýtt sakavottorð ákærða hefur verið lagt fyrir Hæstarétt og sýnir það, að eftir að hinn áfrýjaði dómur gekk, hefur ákærði verið dæmdur í sakadómi Reykjavíkur svo sem hér segir: hinn 22. apríl 1988 í 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 5. maí 1988 í 30 daga fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, 15. september 1988 sakfelldur fyrir brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga, en ekki gerð refsing, 22. september 1988 í 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga og hinn 11. nóvember sl. í 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga. Öll voru brot þessi dæmd sem hegningarauki.

Í ákæruskjali 5. nóvember 1987 er ákærði m.a. ákærður fyrir brot gegn 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Eigi verður

séð, að ákæra geymi verknaðarlýsingu, er svari til þess ákvæðis. Að öðru leyti er fallist á sakarmat héraðsdóms og heimfærslu til refsíákvæða, sbr. nú 1. mgr. sbr. 3. mgr. 45. gr., 1. mgr. 48. gr., sbr. 100. gr. laga nr. 50/1987. Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin eins og í héraðsdómi segir 10 mánaða fangelsi.

Ákærði hafði verið sviptur ökuleyfi ævilangt, er hann framdi brot sitt. Ber því samkvæmt 2. mgr. 101. gr. laga nr. 50/1987 að árétta, að ævilöng ökuleyfissvipting hans haldist.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Kristinn Snæfeld Haukdal Styrmisson, sæti fangelsi í 10 mánuði.

Ákærði skal vera sviptur ökuleyfi sínu ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. mars 1988.

Ár 1988, mánudaginn 14. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur sem haldið er í Borgartúni 7 af Ólafi Berki Þorvaldssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 169/1988: Ákærvaldið gegn Kristni Snæfeld Haukdal Styrmissyni, sem dómtekið var 2. sama mánaðar.

Málið er höfðað fyrir dómnum með tveimur ákæruskjölum ríkissaksóknara á hendur ákærða, Kristni Snæfeld Haukdal Styrmissyni, Jórufelli 4, Reykjavík, fæddum 30. janúar 1958 í Reykjavík.

Með ákæruskjali dagsettu 5. nóvember 1987 er höfðað mál á hendur ákærða „Kristni Snæfeld Haukdal Styrmissyni, Jórufelli 4, Reykjavík, fæddum 30. janúar 1958 þar í borg, fyrir að aka sunnudaginn 16. ágúst 1987 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt bifhjólínu R-73949 suður Barónsstíg í Reykjavík, þar til hann missti stjórn á því við hús númer 61.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. sbr. 8. mgr. 27. gr., 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfis sviptingar eða til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Þá er höfðað mál á hendur ákærða með ákæruskjali, dagsettu 10. desember 1987, „fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 5. ágúst 1987 stolið í félagi við Guðríði Björgu Gunnarsdóttur, Ásgarði 47, Reykjavík, myndbandstæki í íbúð að Búðargarði 3, Reykjavík, þar sem ákærði var gestkomandi.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða, vitna og öðru því sem fram er komið í málinu.

Ákæra dagsett 5. nóvember 1987.

Sunnudaginn 16. ágúst 1987 kl. 19:30 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um að ökumaður bifhjólsins R-73949 hefði misst stjórn á því á Barónsstíg í Reykjavík og fallið á götuna.

Er lögreglan kom á vettvang og hafði tal af ökumanni, sem var ákærði, lagði frá honum sterkan áfengisþef.

Í þágu rannsóknar málsins var ákærða tekið blóð til alkóhólrannsóknar á slysadeild Borgarspítalans kl. 20:23. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 1,39‰.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifhjólinu R-73949 suður Barónsstíg í Reykjavík undir áhrifum áfengis eins og greinir frá í ákæru. Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákæra dagsett 10. desember 1987.

Aðfaranótt miðvikudagsins 6. ágúst 1987 var ákærði ásamt fleira fólki við drykkju að Búðargarði 3, Reykjavík. Kom til handalögmáls milli húsráðanda og ákærða, en þeir voru sem og aðrir þar á staðnum undir áhrifum áfengis. Skömmu eftir að áflogunum lauk fór ákærði ásamt Sigurði Hólmi Sigurðssyni og Guðríði Björgu Gunnarsdóttur í leigubifreið sem ók þeim að Laugavegi 51 b, Reykjavík. Meðferðis höfðu þau myndbandstæki það sem ákærði er ákærður fyrir að hafa stolið í félagi við áðurnefnda Guðríði Björgu Gunnarsdóttur.

Við yfirheyrslur fyrir dómi og hjá lögreglu hefur ákærði staðfastlega neitað að hafa tekið tækið. Hann kveðst ekki hafa viljað skipta sér af því

þótt aðrir tækju einhverja muni úr húsinu, þar sem hann væri á skilorði vegna reynslulausnar á eftirstöðvum refsinga.

Vitnið Valur Tómasson, Búðargarði 3, Reykjavík, kveðst hafa boðið ákærða ásamt fleira fólki til drykkju heim til sín. Í yfirheyrslum fyrir dómi minnir vitnið að maður sem svipar til ákærða í útliti hafi stolið tækinu.

Vitnið Sigurður Hólm Sigurðsson, Goðheimum 18, Reykjavík, hefur skýrt svo frá við yfirheyrslu hjá lögreglu að Kristinn hafi tekið myndbands-tækið og borið það út úr Búðargarði 3 og í leigubifreiðina. Við yfirheyrslu fyrir dómi ber vitnið hins vegar að ákærði hefði ekki tekið tækið, heldur Guðríður Björg Gunnarsdóttir. Nefnd Guðríður hefur alfarið neitað þessu í yfirheyrslu fyrir dómi og segir Kristin hafa tekið tækið. Guðríður viðurkenndi hins vegar stuldinn í yfirheyrslum hjá lögreglu.

Vitnið Magnús Einarsson kveðst við yfirheyrslur hafa verið viðstaddur er atburðir þessir gerðust, en vegna áhrifa vímuefna ekki vita hver stal tækinu.

Vitnið Grétar Magnússon kveðst ekki hafa séð hver hafi stolið tækinu, þar sem það svaf ölvunarsvefni meðan mestu lætin voru og vaknaði ekki fyrr en lögregla kom að Búðargarði 3.

Vitnið Guðmundur Guðnason leigubifreiðastjóri, til heimilis að Bergþórugötu 14 a, Reykjavík, skýrir svo frá að það hafi verið kvatt að Búðargarði 3 umrætt sinn. Þar kveðst vitnið hafa tekið þrjá farþega, tvo drengi og eina stúlku og hafi vitnið ekið þeim að Laugavegi 51 b, Reykjavík. Vitnið minnir að það hafi verið stúlkan sem bar tækið í leigubifreiðina og hafi það verið í hennar umsjá meðan á akstri stóð. Vitnið vill þó ekki fullyrða um atvik málsins.

Niðurstaða.

Með játningu ákærða og niðurstöðu alkóhólrannsóknar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali dags. 5. nóvember 1987 og þykir rétt færð til refsíákvæða sbr. nú lög nr. 50, 1987.

Hvað varðar ákæru dags. 10. desember 1987 verður að telja ósannað gegn neitun ákærða og vegna ósamræmis í framburðum vitna, sem flest voru undir áhrifum áfengis, að ákærði hafi aðfaranótt miðvikudagsins 5. ágúst 1987 stolið myndbandstæki í íbúð að Búðargarði 3, Reykjavík, þar sem ákærði var gestkomandi. Ber því að sýkna hann af ákæru dags. 10. desember 1987.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða dags. 9. nóvember 1987 hefur ákærði alls 12 sinnum gengist undir sátt eða hlotið dóm fyrir brot gegn 27. gr.

umferðarlaga nr. 40, 1968, þar af 9 sinnum á síðustu 5 árum. Þá hefur ákærði alls 8 sinnum brotið gegn ákvæðum 25. gr. sömu laga.

Ákærði, sem skv. sakavottorði hefur alls 27 sinnum gengist undir sáttir eða hlotið dóm fyrir refsiverð brot, var 2. apríl 1986 veitt reynslulausn í 2 ár af eftirstöðvum refsinga, 227 daga fangelsi.

Refsing.

Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar skv. 80. gr. laga nr. 40, 1968, sbr. 100. gr. laga nr. 50, 1987, sbr. 2. gr. laga nr. 19, 1940.

Með brotum sínum, sem mál þetta er risið af, rauf ákærði skilyrði reynslulausnarinnar frá 2. apríl 1986. Ber því að ákveða refsingu með hliðsjón af hinni óloknu refsivist skv. 42. gr. laga nr. 19, 1940. Í dóminum hefur verið lagt fram bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins sem sýnir að ákærði hefur ekki afplánað eftirstöðvar þeirra refsinga sem honum var veitt reynslulausn á.

Með hliðsjón af þessu og sakaverli ákærða telst refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 10 mánuði.

Svipta ber ákærða ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi frá birtingu dóms þessa að telja skv. 81. gr. laga nr. 40, 1968, sbr. nú 101. gr. laga nr. 50, 1987, sbr. 2. gr. laga nr. 19, 1940.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærða skv. 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 til þess að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Kristinn Snæfeld Haukdal Styrmisson, sæti fangelsi í 10 mánuði.

Ákærði er sviptur ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi frá dómsupp-sögu að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.